

**14. fundur Félagsmálanefndar
haldinn Aðalstræti 63, Patreksfirði, sunnudaginn 21. apríl 2013 og hófst
hann kl. 14:00.**

Fundinn sátu:

Puríður G. Ingimundardóttir (PGI) Formaður, Heba Harðardóttir Aðalmaður, Nanna Lilja Sveinbjörnsdóttir Aðalmaður, Elísabet Kjartansdóttir Varaformaður, Bjarnveig Guðbrandsdóttir (BG) Aðalmaður og Elsa Reimarsdóttir Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Elsa Reimarsdóttir, Félagsmálastjóri

Dagskrá:

1. 1304046 - Kæra til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála

Kæra barst til Úrskurðarnefndar félagsþjónustu og húsnæðismála f.h. N.N. vegna skorts á akstursþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Félagsmálanefnd hafði þá ekki úrskurðað um hvort N.N.ætti rétt á þjónustunni en hafði skoðað hvaða kostir væru í boði. Þar sem málið var komið til úrskurðarnefndar beið félagsmálanefnd úrskurðar á grundvelli kærunnar og greinagerðar frá félagsþjónustu. Í mars var haft samband við félagsmálastjóra þar sem málsmeðferð hjá úrskurðarnefnd var ekki samkvæmt reglum því nefndin hafði þá hvorki samþykkt né synjað þjónustunni þar sem málið fór í kæruférlí áður en niðurstaða lá fyrir. Óskaði úrskurðarnefnd eftir því málið yrði tekið formlega fyrir hjá nefndinni. Nefndin fjallaði um málið og vísaði afgreiðslu þess til næsta fundar, sem haldinn verður þriðjudaginn 30. apríl kl. 16:00. Bókað í trúnaðarmálabók.

2. 1304047 - Umsóknir um liðveislu

Umsókn um liðveislu fyrir N.N. Samþykkt að veita 16 tíma á mánuði auk aksturs og greiðslu kostnaðar liðveitanda í samræmi við reglur. Bókað í trúnaðarmálabók.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl.15:34 .

14. fundur Félagsmálanefndar
14.10.2013
